



Námsgrein: Enska**Tímabil: Skólaárið 2023 - 2024****Námsmarkmið, að nemandi:**

- Geti lesið sér til gagns og ánægju margvíslega texta á ensku og nýtt sér við verkefnavinnu
- Geti aflað sér þekkingar og upplýsinga með lestri eða hlustun á ensku og komið þeim til skila í rituðu eða töluðu máli á ensku eða íslensku
- Geti skilið fyrirhafnarlítið talað mál á ensku og nýtt sér við verkefnavinnu
- Læri og tileinki sér grunnatriði í uppsetningu og skipulagi ritaðs máls
- Geti skrifað læsilegan texta á ensku um efni sem hann þekkir
- Geti samið texta þar sem ímyndunaraflið fær að njóta sín
- Auki orðaforða sinn og þekkingu á málkerfi enskrar tungu og skyldleika tungumála
- Þjálfist í að nota enskt talað mál í einföldum samskiptum

Námsþættir:

- Fjölbreyttir lestextar sem tengjast málefnum líðandi stundar, menningu og lífnaðarháttum í öðrum löndum.
- Horfum á kvikmyndir, hlustum á tónlist og talað efni og vinnum úr efninu á fjölbreyttan hátt.
- Æfum okkur í töluðu máli með fjölbreyttum verkefnum, s.s. viðtölum, kynningum og hlutverkaleik.
- Ritunarverkefni skipulögð þannig að nemandur fái tækifæri til að tjá sig skriflega í merkingarbæru samhengi, án þess að textinn þurfi að vera langur eða viðamikill í hvert skipti.
- Stök verkefni í tengslum við þemu eða samþættingu við aðrar námsgreinar, svo sem heimildaleit í samfélags- og náttúrugreinum.

Námsefni/kennslugögn:

Spotlight 8, lesbók og vinnubók

Write Right 2

SRA lesskilningsverkefni

Annað efni frá kennara

Námsmat

- Kaflapróf og málfræðipróf úr námsefninu
 - Ritunarverkefni og munnleg verkefni metin sérstaklega
 - Þátttaka í kennslustundum, vinnusemi, metnaður, áhugi og vinnubrögð
-